

3. gr.

Núverandi 6. gr. reglugerðarinnar verður 7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

13. júlí 1981.

Nr. 469.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Hundahald er aðeins heimilt á lögbýlum í Kaldrananeshreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu, sem ekki búa á lögbýlum, undanþágu til hundahalds, með eftirfarandi skilyrðum.

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðatryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, þannig að tryggt sé að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda, án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati sveitarstjórnar.
- c. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir svo og starfsstöðvar, hverju nafni sem þær nefnast þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- d. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró hrepps-búa og séu hvorki þeim, né öðrum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir forráðamenn íbúða samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildir þar til sveitarstjórn berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.
- e. Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal reglum um hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrir-mælum heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Eigendum hunda á lögbýlum er skylt að sjá til þess að hundar flækist ekki um lausir, raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Flækingshundar skulu teknir úr umferð gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hunds innan tveggja sólarhringa er heimilt að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Hundar sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og lóga þeim þegar í stað.

4. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

5. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Kaldrananeshrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1981.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 343 26. september 1977 um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur að Hlöðum í Fellahreppi.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lánskjör vegna gatnagerðargjalda skv. 3. grein skulu vera hin sömu og lána-
kjör Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Verði dráttur á endanlegum frágangi sbr. gr. 3, má eigi reikna vexti eða verð-
bætur af síðustu greiðslu nema eitt ár eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps,
staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum
tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Leifsgötu frá Þorfinnsgötu að Barónsstíg.
2. Heimilt verður að leggja bifreiðum við gangstéttir beggja vegna Leifsgötu.
3. Bifreiðastöður verða bannaðar við Hjarðarhaga að austanverðu og norðanverðu
götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 25. júlí n. k.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 17. júlí 1981.

Sigurjón Sigurðsson.